

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 2 500 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 1 000 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 458 29. desember 1977 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi ákveðið að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 3 960.00 frá 15. desember 1978, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1978.

F. h. r.

Gylfi Knudsen.

Yngvi Ólafsson.